

Verkefni: Aðalfundur Gígjunnar 2009
Dagsetning fundar: 17. október 2009
Tímasetning fundar: 16:00 – 18:00
Fundarstaður: Sönghúsið Domus Vox Laugavegur 116

Stjórnarkonur Gígjunnar:

Dagbjört Sigurbergisdóttir formaður mætt
Þuríður Pétursdóttir gjaldkeri mætt
Jófríður Guðmundsdóttir varaformaður mætt
Þorgerður Valdimarsdóttir ritari mætt
Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir meðstjórnandi mætt
Margrét Bóasdóttir verndari fjarverandi
Steiney Halldórsdóttir varamaður mætt
Sigrún Óskarsdóttir varamaður mætt
Anna Lilja Stefánsdóttir varamaður fjarverandi

Eftirtaldir aðildarkórar sendu fulltrúa til aðalfundarins:

Kvennakór Akureyrar (Ásdís Stefánsdóttir, Snæfríð Egilsson)
Kvennakór Garðabæjar (Þuríður Friðriksdóttir, Anna María Sigurjónsdóttir, Helga Melsted)
Kvennakór Hafnarfjarðar (Steiney Halldórsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir)
Kvennakór Kópavogs (Jófríður Guðmundsdóttir, Hallbjörg Thorarensen)
Kvennakór Reykjavíkur (Þuríður Pétursdóttir, Anna Laxdal, Guðbjörg Gylfadóttir)
Kvennakór Suðurnesja (Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir, Helga Jakobsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Erla Arnoddsdóttir, Hildur Harðardóttir)
Léttsveitin (Erna Hanna Guðmundsdóttir, Margrét Þorvaldsdóttir)
Kyrjurnar (Auður Helga Kristinsdóttir, Ingibjörg Viggósdóttir, Dagbjört Sigurbergisdóttir)
Vox Feminae (Heiða Gunnarsdóttir, Þorgerður Valdimarsdóttir, Margrét J Pálmadóttir).



Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

Dagbjört Sigurbergsdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Heiða Gunnarsdóttir yrði kosinn fundarstjóri og Þorgerður Valdimarsdóttir fundarritari sem var samþykkt með lófataki. Að loknum aðalfundi var haldinn fræðslufundur þar sem var til umfjöllunar félagsstarf kvennakóra og leiðir til að efla það. Fulltrúar frá Kvennakór Reykjavíkur og Kvennakór Suðurnesja fluttu erindi.

1. Skýrsla stjórnar.

Dagbjört Sigurbergsdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar.

Starf stjórnar síðastliðið ár

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið fimm stjórnarfundum og eru allar fundargerðir frá stjórnarfundum á vefsetrinu.

Jólaág Gígjunnar 2008.

Gígjan fékk Jón Ásgeirsson tónskáld til að semja jólalag Gíggunnar 2008. Það heitir „Ég heyrði þau nálgast” og er við ljóð Snorra Hjartarsonar.

Í nóvember 2008 var sent eftirfarandi kynningarbréf til allra fjölmiðla:

Kvennakórar landsins heiðra Jón Ásgeirsson tónskáld í tilefni áttæðisafmælis hans.

Sunnudaginn 30. nóvember (fyrsta sunnudag í aðventu) munu nokkrir kvennakórar víðsvegar af á landinu frumflytja jólalagið Ég heyrði þau nálgast, eftir tónskáldið Jón Ásgeirsson. Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra, fékk Jón Ásgeirsson til að semja jólalag fyrir kvennakóra landsins, í tilefni af áttæðisafmæli hans þann 11. október og heiður er að fá að flytja lagið nú á afmælisári hans. Textinn við lagið er eftir Snorra Hjartarson.

Lag Jóns Ásgeirssonar verður frumflutt í eftirfarandi kirkjum 30. nóvember:

Suðurnes	Kvennakór Suðurnesja	Ytri-Njarðvírkirkja	kl. 11.00
Kópavogur	Kvennakór Kópavogs	Kópavogskirkja	kl. 11.00
Garðabær	Kvennakór Garðabæjar	Vídalínskirkja	kl. 11.00
Hafnarfjörður	Kvennakór Öldutúns	Fríkirkjan Hafnarfirði	kl. 13.00
Hafnarfjörður	Kvennakór Hafnarfjarðar	Víðistaðakirkja	kl. 20.00
Reykjavík	Léttuveit Reykjavíkur	Bústaðakirkja	kl. 11.00
Reykjavík	Kvennakór Reykjavíkur	Breiðholtskirkja	kl. 20.00
Reykjavík	Kvennakórinn Seljurnar	Seljakirkja	kl. 20.00
Seltjarnarnes	Kvennakórinn Kyrjurnar	Seltjarnarneskirkja	kl. 20.00

Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra

Fyrir 1990 voru ekki nema fimm kvennakórar starfandi á landinu. Gróskan hefur verið mikil síðan þá og á stofnfundi Gíggunnar, landssambandi íslenskra kvennakóra 5. apríl 2003, gengu 17 kórar í sambandið. Í dag eru aðildarkórar sambandsins 28 talsins og telja meðlimir þess á annað þúsund konur. Gífurlegur kraftur er fólgin í þessum kvennahópum og samstaðan er mikil. Markmið samtakanna er m.a. að efla starfsemi og samstarf kvennakóra og heldur Gígjan úti vefsetri www.gigjan.is þar sem birtar eru heimildir um starfsemi aðildarkóranna, lög sambandsins, upplýsingar um útgáfu geisladiska, fréttir af tónleikum og öðrum uppkomum aðildarkóranna, tenglar á tónlistarvefi og annað gagnlegt efni.

Tónverkasjóður Gíggunnar

Tónverkasjóður Gíggunnar var stofnaður á aðalfundi sambandsins í október. Markmið og tilgangur Tónverkasjóðsins er að efla og styrkja íslenska kvennakóra. Til að ná þessu markmiði mun Tónverkasjóður Gíggunnar fá tónskáld til að semja tónverk fyrir kvennakóra landsins og þannig efla fjölbreytni og úrval tónlistar sem kvennakórar eiga kost á að flytja. Gert er ráð

fyrir að kórarnir flytji verkið hverju sinni, hver í sinni sveit, á svipuðum tíma, t.d. í kringum 24. október (kvennafrídagurinn), 8. mars (alþjóðlegur baráttudagur kvenna), 19. júní (kosningaréttur íslenskra kvenna) eða um jól og páska. Jólalag Jóns Ásgeirssonar er fyrsta verkið sem Tónverkasjóðurinn hefur kostað.

Eftirfylgni fréttar

Mikil vinna var lögð í að hringja í helstu fjölmiðla til þess að fylgja fréttinni eftir. Við spurðum m.a. hvað þeim fyndist um fréttina og hvort þeir ætluðu að nota hana. Það þurfti að ganga verulega eftir þeim til þess að fá viðbrögð. En allt í einu tóku þeir við sér og síminn varð rauðglóandi, því nú vildu þeir fá frekari upplýsingar.

Einnig varð að fá á hreint á hjá tónskáldinu hvar hann mundi vilja hlusta á frumflutning lagsins svo hægt væri að upplýsa fjölmiðla um það. Hann valdi Breiðholtskirkju hjá Kvennakór Reykjavíkur og færði formaður kórsins honum blómvönd og Morgunblaðið tók myndir og birti grein í blaðinu daginn eftir. RÚV las alla fréttina í sjónvarpinu á sunnudagskvöldinu þann 30. nóv. í lok fréttatímans og sýndi í kjölfarið brot af flutningi verksins hjá Kvennakór Öldutúns.

Morgunblaðið tók viðtal við formann Gígjunnar og nokkrum dögum síðar birtist viðtalið undir yfirskriftinni: „Gígjan, landssamband íslenskra kvennakóra stofnar Tónverkasjóð“.

Allar fréttir um þennan viðburð er að finna á vefsíðunni undir linknum Tónverkasjóður.

Næsta verk úr Tónverkasjóðnum

Haft var samband við Elínu Gunnlaugsdóttur til að semja lag fyrir Gígjuna. Elín gat ekki unnið verkið á þessum tíma en hefur mikinn áhuga á að gera lag fyrir Gígjuna síðar. Var þá haft samband við Hildigunni Rúnarsdóttur tónskáld og tók hún að sér að semja næsta lag fyrir tónverkasjóð Gígjunnar. Óskað var eftir að lagið yrði samið í tilefni af Alþjóðlega kvennadeginum 8. mars. Hildigunnur skilaði laginu fullbúnu ásamt píanóundirleik til stjórnar Gígjunnar 15. janúar 2009. Þeir aðildarkórar sem höfðu gengið frá félagsgjöldum sínum fyrir starfsárið 2008-2009 fengu sendar nótur að laginu. Lagið er samið við ljóðið *Stökur* eftir Lilju Sólveigu Kristjánsdóttur.

Musica Nova styrkur

Ákveðið var að sækja um styrk til Nýsköpunarsjóðs tónlistar - Musica Nova, til að greiða fyrir lagið frá Hildigunni Rúnarsdóttur. Umsóknin var send til Musica Nova þann 22. desember og umsókninni fylgt eftir með símtali við Steinunni Birnu Ragnarsdóttur formann stjórnar Musica Nova. Því miður var umsókninni hafnað og að hluta til var gefin sú skýring á því að Hildigunni hefði þegar verið veittur styrkur úr sjóðnum fyrir annað verk.

Úthlutun frá SFH fyrir árið 2008

Enn hefur ekki verið úthlutað úr sjóði SFH fyrir árið 2008.

Þær greiðslur sem Gígjan fær frá SFH eiga að ganga beint í Tónverkasjóðinn. Stjórnin hefur ítekað haft samband við Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóra SFH til að fá upplýsingar um hvenær úthlutun fari fram fyrir árið 2008 og hver upphæðin verði. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hafa skýr svör ekki borist og hefur stjórn fengið Margréti Bóasdóttur verndara í lið með sér við að vinna þetta mál.

Vefsetur Gígjunnar

Vefsetur Gígjunnar hefur frá upphafi verið útfært og þróað af Heiðu Gunnarsdóttur. Formaður þakkaði henni óeigingjarnt og ötult starf fyrir Gígjuna frá upphafi og hefur stjórn notið dyggs stuðnings hennar og kennslu varðandi notkun á nýja vefsetrinu. Formaður færði henni þakkir stjórnar fyrir þetta.

Ný undirsíða var tekin í notkun s.l. haust sem heitir Tónleikar.

Nýja síðan hefur að geyma upplýsingar um tónleika aðildarkóranna í tímaröð. Til að fá frekari upplýsingar um ákveðna tónleika er smellt á nafn kórs og þá opnast fréttatilkynning um tónleikana. Ákveðið var að senda kynningarpóst um þessa nýjung á póstlistann og einnig að skrifa frétt fyrir vefsetrið.

Alls hafa 74 tilkynningar um tónleika aðildarkóra borist vefsetrinu á þessu ári, 36 tilkynningar frá áramótum og 38 tilkynningar s.l. haust til áramóta. Þetta er mikill fjöldi tónleika og sýnir hversu mikil gróska er í starfi kvennakóra.

Stjórnin hefur samband við formenn kóranna

Við erum stöðugt að leita hugmynda til þess að þróa vefsetrið til hagræðingar fyrir kórana og eru allar tillögur þar að lútandi vel þegnar.

Venjulega hefur stjórnin hringt í formenn allra aðildarkóra tvisvar á ári til að afla fréttu að starfi þeirra og minna á vefsetrið gígjan.is.

Að þessu sinni var ákveðið að bregða út af vananum og senda tölvupóst með nokkrum spurningum, annars vegar um viðhorf kóra til þeirra tónverka sem Tónverkasjóður Gígjunnar hefur látið semja, hins vegar um æfingabúðir og þátttöku í kóramótum eða kórameppnum erlendis. Voru helstu niðurstöður þeirrar óformlegu könnunar kynntar á fundinum.

Fjárhagsstaða Gígjunnar

Í fyrsta skipti er fjárhagsstaða Gígjunnar það góð að hægt er að eiga varasjóð til þess að verða sá bakhjarl sem vitnað var í við stofnun Gígjunnar. Svo vitnað sé í ræðu Margrétar Bóasdóttur á stofnfundinum þann 5. apríl 2003:

„Það er gífurleg vinna og mikil ábyrgð sem þeir kórar taka á sig sem hafa haldið landsmótin, og ég vil sérstaklega nefna hve frábærlega þeir hafa alltaf staðið sig á hverjum stað. En það er varla verjandi að enginn baktrygging sé, ef

eitthvað færi úrskeiðis af náttúrunnar eða mannavöldum, og viðkomandi kór sæti uppi með fjárhagslegar skuldbindingar vegna skipulagningar.”

Landsmótið 2011

Frétt frá Jórukórnum á Selfossi er komin á vefsíðuna en áttunda landsmót íslenskra kvennakóra verður haldið á Selfossi 29.apríl til 1. maí 2011. Jórukórinn hefur fengið Margréti Bóasdóttur kórstjóra til að vera mótsstjóra.

Skýrsla stjórnar var borin upp til atkvæða, var samþykkt einróma.

2. Reikningar.

Þuríður Pétursdóttir gjaldkeri lagði fram reikninga starfsársins 2008-2009 til samþykktar. Voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Lagabreytingar.

Engar tillögur að lagabreytingum bárust fyrir aðalfund að þessu sinni.

4. Ákvörðun árgjalds.

Ekki var borin upp tillaga að breytingu á árgjöldum að sambandinu, en árgjald pr. kórkonu er nú 200 kr. en aðildarkórar greiða að auki kr. 3000 á ári.

5. Kosning stjórnar.

Þrjár konur ganga nú úr stjórn, Dagbjört Sigurbergsdóttir formaður, Þuríður Pétursdóttir gjaldkeri og Þorgerður Valdimarsdóttir ritari.

Anna Inga Grímsdóttir frá Léttisveit Reykjavíkur, Steiney Halldórsdóttir frá Kvennakór Hafnarfjarðar og Anna Laxdal frá Kvennakór Reykjavíkur gefa allar kost á sér í stjórn að þessu sinni og eru kosnar einróma. Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir stjórnarkona er kosin formaður og Jófríður Guðmundsdóttir situr einnig áfram í stjórn.

Í varastjórn eru kosnar Anna Lilja Stefánsdóttir frá Kvennakór Akureyrar, Dagbjört Sigurbergsdóttir, Kyrjunum og Sigrún Óskarsdóttir frá Kvennakór Hafnarfjarðar.

Skoðunarmenn reikninga: Inga J. Arnardóttir og Margrét Hreinsdóttir eru kosnar skoðunarmenn reikninga.

6. Önnur mál.

Jófríður Guðmundsdóttir kynnti vefsetur Gígjunnar stuttlega og brýndi fyrir fundarkonum að vera duglegar að senda inn hverskyns fréttir og myndir frá starfi kvennakóra.

Margrét J. Pálmadóttir kórstjóri Vox Feminae og Cantabile (áður Gospelsystur Reykjavíkur) gerði að umræðuefni það umhverfi sem íslenskir kvennakórar starfa í og þau viðbrögð sem kvennakórar fá almennt frá samfélaginu við starfi sínu. Fram kom frá fulltrúum Kvennakórs Suðurnesja að sá kór fær ákveðinn fjárhagsstyrk frá sínu sveitarfélagi ár hvert en kórinn skuldbindur sig á móti til að koma fram við ákveðin tækifæri á ári hverju. Fundarkonur virtust almennt sammála því að kórar í smærri byggðarlögum byggju e.t.v að meiri stuðningi en kórar á höfuðborgarsvæðinu. Í framhaldi af þessu skapaðist umræða um þá fjölmiðlaumfjöllun sem kvennakórarstarf fær, eða e.t.v. frekar skort á slíkri umfjöllun en Margrét Þorvaldsdóttir formaður Léttisveitarinnar sagði frá því að erfitt væri að fá nokkra umfjöllun í fjölmiðlum um starfið. Þuríður Pétursdóttir frá Kvennakór Reykjavíkur minntist í þessu sambandi þess er Kvennakór Reykjavíkur hélt Norrænt kvennakóramót árið 2000 og um 1000 konur frá norðurlöndunum mættu. Engin fjölmiðill sá ástæðu til að gera mótið að umfjöllunarefni þá daga sem mótið stóð yfir. Jófríður Guðmundsdóttir benti á að mjög lítil fjölmiðlaumfjöllun var um síðasta íslenska kvennakóramótið á Höfn í Hornafirði árið 2007. Þuríður Pétursdóttir varpar fram þeirri hugmynd hvort e.t.v sé nauðsyn að halda kvennakórameppni til að vekja athygli fjölmiðla á starfi þessu. Anna Laxdal frá Kvennakór Reykjavíkur setti fram það sjónarmið að e.t.v einkenndist viðhorf fjölmiðla og jafnvel almennings til kvennakórarstarfs af því að um nokkurskonar dundur eða frístundastarf væri að ræða sem ekki bæri að taka of alvarlega og verðskuldaði því ekki umfjöllun á við margt annað.

Margrét Pálmadóttir setti fram þá hugmynd að stjórn Gígjunnar boði til málþings með kórstjórum kvennakóra til að ræða starf þeirra og framtíðarsýn.

Önnur hugmynd frá Margréti var sú að kvennakórar sem hefðu tök á hittust einn laugardag á aðventu t.d. í einhverri kirkju á höfuðborgarsvæðinu og flyttu saman jólalag Gígjunnar auk annarrar dagskrár, en slíkt gæti orðið til að styrkja starf kvennakóra bæði inn á við og út á við.

Jófríður Guðmundsdóttir frá Kvennakór Kópavogs segir frá menningardagskrá sem kórinn stendur að seinna í haust þar sem fram koma ýmsir listamenn til styrktar Mæðrastyrksnefnd í bæjarfélaginu. Ásdís Stefánsdóttir frá Kvennakór Akureyrar sagði frá því að KVAK hefði nokkur undanfarin ár staðið að svipuðum tónleikum til styrktar Mæðrastyrksnefnd þar í bæ.

Fræðslufundur Gígjunnar.

Til umfjöllunar á fræðslufundi Gígjunnar árið 2009 var að þessu sinni *félagsstarf kvennakóra og leiðir til að efla það enn frekar*. Til að greina frá reynslu sinni frá félagsstarfi í stórum kvennakór var fengin Guðbjörg Gylfadóttir frá Kvennakór Reykjavíkur og fer fyrirlestur hennar hér á eftir:

“Ég ætla að reyna að miðla af reynslu minni sem nefndarmaður í ferðanefnd Kvennakórs Reykjavíkur.

Ein af mörgum nefndum hjá okkur er ferðanefnd sem gegnir því hlutverki að skipuleggja ferðir erlendis. Innanlandsferðir hafa verið á könnu stjórnar og hefur þessi skipting reynst okkur ágætlega.

Við höfum verið duglegar að ferðast og ástæðan fyrir því er í raun sú að við fundum snemma út hvað ferðalög eru nauðsynleg fyrir svona félagsstarfsemi. Ferðalög eru gulrót, sameiginleg markmið eins og tónleikar nema hvað ævintýri fylgir með.

Við leggjum meira á okkur sönglega, við hittumst oftast út af fjáröflun, og síðast en ekki síst við kynnumst miklu betur þegar í ferðalögin er komið, því þá kemstu að því að konan sem situr fyrir aftan þig á kóræfingum og fer kannski lítið fyrir, hún er flughrædd, eða stundar jóga kl. 5 á morgnana eða er skjótsjúk ég hef komist að því að það eru æðimargar í mínum kór með skó og kristalsýki á háu stigi þetta myndi ég ekki vita ef ég hefði ekki ferðast með þeim.

Við upplifum að syngja í hinum ýmsu kirkjum og sönghúsum sem verður ógleymanlegt, það er fátt sem toppar þá upplifun að syngja í fallettri kirkju með góðum hljóð, tónlist sem búið er að leggja mikið á sig að æfa og þarf þá kannski ekki að vera í útlöndum en oftast er það nú svo að vera Íslendingur erlendis í kór að syngja íslenska tónlist það fyllir mann stolti.

Við stóðum einu sinni úti í mínum kór í Washington á 17.júní fyrir framan minnismerki Abrahams Lincoln í grenjandi rigningu en logni með flugvelar fljugandi á 5 mínuta fresti lágflugi yfir okkur, Sendiherra Íslands var þá Jón Baldvin, hann og hans kona sem var klædd í þjóðbúning voru þau einu sem stóðu af sér rigninguna með risaregnhlíf. Þau voru áhorfendurnir okkar allir aðrir hlupu í skjól, með okkur var líka Diddú sem fór í 66 gráðu norður úlpu utan yfir galakjólinn sinn og saman sungum við á íslensku og það var ógleymanlegt.

En aftur að nefndinni. Við höfum farið á 2-3 ára fresti erlendis samtals sjö sinnum, við förum á hverju ári í söngbúðir yfir helgi innanlands og við höfum farið öll íslensku kvennakóramótin sem hafa jafnast á við utanlandsferð það hefur verið svo gaman.

Þegar við erum komnar í ferðagírinn þá er oftast farið að athuga með nefndina, hver er með sem var í ferðanefnd síðast og eru einhverjar sem hafa áhuga. Einherjar sem hafa áhuga á ferðalögum, vinna við ferðaiðnað, Gott er ef einhver þekkir til í því landi sem fara á til.

Mín reynsla er að ekki sé neitt betra að hafa margar í nefndinni því þá kemur að því að erfitt er að finna fundartíma, frekar vil ég að það séu kannski 3-4 í nefndinni og skipta þær með sér hlutverkum og hef ég verið duglega að nota tölvupóst í samskiptum við ferðanefnd. Þannig vinnst mest, hver fundur sem við mætum á tekur alltaf 2 klst. Og tími er eitthvað sem er alltaf hörgull á.

Það er misjafnt hvað kórar eru að sækja í erlendis, við höfum reynt kvennaráðstefnu, kóramót, kórakeppni og tónleikaferð þar sem við höfum

eingöngu verið að koma fram fyrir aðra. Þetta er allt áhugavert á sinn hátt. Mér persónulega finnst keppni og kóramót mest spennandi, því það er svo mikils virði að heyra í öðrum og sjá hvað aðrir eru að gera, leita uppi sína rödd í öðrum kórum og hlusta, fylgjast með stjórnendum, skoða búninga og svo fr.

Tíminn sem fer í skipulag ferðar er æði misjafnt. Það er hægt að fara auðveldu leiðina og láta ferðaskrifstofu sjá um ferðina frá a til ö og síðan er hin leiðin að gera hlutina sjálfar. Þetta hefur sína kosti og sína galla og fer mikið eftir því hvers eðlis ferðin er. Ef við þekkjum lítið til, þurfum mikla hjálp við skipulagningu þá er auðvitað best að snúa sér til ferðaskrifstofu en það kostar líka meiri peninga. Við höfum fengið tilboð frá ferðaskrifstofum þegar við höfum verið búnar að móta eitthvað hvað við viljum gera. Þeir eiga auðveldara með að gefa okkur tilboð ef við erum búnar að ákveða sem mest. Fyrsta mál er náttúrlega flugið að reyna að eyða sem minnstum tíma í flug sem hægt er, beint flug til þess staðar sem við ætlum á er náttúrlega töfraorðið ódýrast og þægilegast en gengur sjaldnast upp, allavega höfum við ekki upplifað það, næst því komust við í síðustu ferð okkar til Noregs þar sem við flugum með SAS til Oslo og náðum síðan innanlandsflugi klukkutíma seinna til Þrándheims en þangað vorum við að fara á kóramót, ótrúlega þægilegt 4 tímar og við vorum komnar á áfangastað. Þessa ferð skipulögðum við sjálfar keyptum bara flugmiða á netinu en það er bara hægt að bóka tíu miða í einu hjá SAS þannig að við tókum sjensinn að við næðum að bóka allan hópinn svona og það gekk eftir, hópabókanir voru dýrari við vorum búnar að athuga það en þar hefði verið öruggt að allar kæmust í sama flug, en við tókum sjensinn og þarna náðum við í miða á undir 20 þús fram og til baka alla leið til Þrándheims. Við vorum rúmlega 40 sem fórum í þessa ferð sem er reyndar minnsti hópinn sem hefur ferðast og þessi aðferð að bóka á netinu hentar náttúrlega miklu frekar litlum hópum. Annar kostur við þessa ferð var sá að þarna vorum við að ganga inn í prógram, þegar farið er á kóramót er það yfirleitt allt planað, við bara mætum og gerum það sem okkur er sagt. Þannig að nefndarstörf geta verið einföld þegar kóramót er á dagskrá það þarf bara að redda flugi og transporti á kóramótið svo lengi sem ferðin er ekki lengd. Þetta er ekki endilega ódýrara en oftast hafa þeir sem skipuleggja kóramótið fengið ódýrari gistingu þar sem um mikinn fjölda er að ræða en á móti kemur að það kostar peninga að taka þátt í móti það er ekki bara flug og gisting, það eru líka námskeiðin og matur og uppákomur.

Þetta er dæmi um auðveld störf ferðanefndar fara í ferð sem einhver annar skipuleggur fyrir mann. Síðan er hægt að fara krýsuvíkurleið sem er sú að skipuleggja ferðina frá a-ö þ.e. frá því að panta rútu út á flugvöll og síðan hvert pissustopp í ferðinni. Þessar ferðir eru náttúrlega mikið meiri vinna, verða oft líka mjög skemmtilega og sniðnar að hópnum.

Ef við förum í gegnum ferli á svona ferð hjá okkur, þá hefst það með því að við fáum leyfi hjá hópnum til að skoða ferð oftast þýðir ekki að leggja fyrir hópinn of opnar hugmyndir, heldur vera búnar að móta ca. Hver hugmyndin er, ef þið mynduð mæta fyrir framan segjum 50 konur og spyrja hvert viljið þið fara? Þá

fenguð þið æði mörg svör og lítið kæmi út úr því. Síðan vinnur nefndinn með kórstjóranum og kontaktaðila úr stjórninni að skipulagningu og ber svo áætlun af og til undir hópinn og að sjálfsögðu verðlagningu. Það er mikilvægt að vinna vel með kórstjóranum sérstaklega í byrjun þegar verið er að setja niður tónleikahald og æfingar í ferðinni, það þarf að redda æfingarplássi og svoleiðis mál. Einnig viljum við ekki að álagið sé mikið rétt fyrir konsert, við klikkuðum á því t.d. þegar við tókum næturferju frá Eistlandi til Svíþjóðar og héldum svo tónleika í eftirmiðdaginn, við vorum allar með sjóriðu og hljómuðum ekkert sérstakleg sannfærandi. Einnig held ég að við höfum sungið betur heldur en við gerðum í þeirri frægu kirkju Notre Dame í París sem var engu að síður upplifun sem ég hefði ekki viljað missa af, en við höfðum flogið til Parísar kvöldið áður og það klikkaði eitt stórt atriði þegar við mættum á yndislegan herragarð fyrir utan París um miðnætti, við vorum bókaðar eftir 2 mánuði, mannleg mistök en kennir manni að hringja á hótél og staðfesta bókun þó maður sé með staðfestingarmiða í höndunum. Við komust í svefn um 4 leytið um nóttina og vorum komnar af stað um 9 morgunin eftir og eins og alltaf var hin góði andi með í för, en það er reyndar alveg merkilegt hvað konur og menn verða einstaklega samheldin og ákveðin að láta ekkert spilla fyrir þegar í ferðarlag er komið.

Það þarf gjaldkera fyrir ferðanefnd því við erum alltaf að höndla með peninga. Við höfum reynt hvorutveggja að hafa okkar eigin gjaldkera og svo hefur líka gjaldkeri kórsins tekið að sér innheimtu og greiðslur fyrir nefndina, þetta er að sjálfsögðu aukaálag á gjaldkeran en hentar stundum betur t.d. þegar kórkonur eru að greiða inn á ferðir beint til kórsins þá er hægt að nota posann, og kórin greiðir síðan út í einu lagi þegar ferðin er á okkar vegum. Þegar öll ferðin er á vegum ferðskrifstofu þá losnum við alveg við að hugsa um innheimtu, ferðaskrifstofan gerir það, það er þá ekki nema eitthvað aukalegt sé pantað eins og óperu eða leikhúsmiðar sem ferðanefnd sér um. Óneitanlega er gott að losna við innheimtu en alveg gerlegt að sjá um hana en þá skiptir máli að finna nákvæma og ákveðna konu í verkið því það er ekki allra að rukka konuna sem syngur við hlið sér.

Ég hef bara verið í ferðanefnd í stórum hóp, en ég sé ekki að það sé mikill munur á stórum hóp eða litlum þegar kemur að nefndarstörfum það þarf að skipuleggja jafn mikið, það er kannski auðveldara að fá flug og hótél fyrir litla hópa og út að borða fyrir hópinn, allir listarnir sem þarf að búa til eru styttri, rútulistinn út á völl, farþegalistinn, herbergjalistinn, listinn yfir óperufara, þeir sem ætla að skoða vatíkanið og svo fr. þetta þarf allt að lista upp og panta og þar eru við konur á heimavelli, listar eru okkar mál.

Við í kvennakornum höfum lagt á það áherlsu að fara 2-3 saman út að borða í ferðum það er bara svo mikið skemmtilegra, það þurfa allir að borða og við lendum oft í því ef ekki er planað og pantað að konur fara á stjá í hóp og gengur illa að fá borð. Við höfum líka lagt mikla áherslu á það að ljúka ferðum með samverustund, sem er nú ekki á kristilegum nótum, þar sem við förum yfir

ferðina í gríngírnum, hver rödd eða hópur kemur með skemmtiatriði tengt ferðinni og er þetta alltaf mjög skemmtileg stund, við gerum þetta kvöldið áður en við förum heim ef við komum því við en við höfum líka gert þetta rétt áður en við höfum farið út á flugvöll, þannig lokum við ferðinni, ferðanefndin fær klappið sitt og allir glaðir og við í ferðanefndinni förum að huga að næstu ferð.”

Eftirfarandi fyrirlestur um félagsstarf í smærri kvennakór úti á landi fluttu Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir og Hildur Harðardóttir frá Kvennakór Suðurnesja:

„Við ætlum aðeins að fjalla um hvernig málum er háttað varðandi félagsstörf í kórnum okkar, Kvennakór Suðurnesja og vonandi að varpa einhverju ljósi á þennan málaflokk frá sjónarhorni smærri kóra.

Við teljum félagsstarfið mikilvægt til að efla tengslin á milli kórfélaga og höfum við gert ýmislegt til að hrista hópinn saman. Þar má nefna haustferðir sem stundum hafa verið farnar fljótlega eftir að starfsemin hefst að hausti, oftast hefur verið farið að Sólheimum í Grímsnesi þar sem við höfum leigt hús og gist eina nótt, grillað, farið í gönguferðir, kíkt í búðina og vinnustofurnar á staðnum, farið í sund, sungið, dansað og gert ýmislegt fleira skemmtilegt saman.

Hinar árlegu æfingabúðir í Skálholti eru líka ómissandi liður í félagsstarfinu, þó svo að þettu séu að mestu leyti vinnuferðir, þá er líka haldin kvöldvaka og auðvitað borðum við saman og förum í gönguferðir o.fl.

Það hlýtur að vera auðveldara að mörgu leyti að skipuleggja félagsstarf í smærri kórnum og kannski er samkenndin meiri í svona litlum hópi og konur jafnvel frekar tilbúnar til að leggja á sig vinnu til að klára verkefni. Við höfum yfirleitt verið á bilinu 25 – 35 konur og auðvitað er ákveðinn kjarni sem er í aðalhlutverki þegar kemur að félagsstarfi. Það er oft svo í svona félagsskap að það eru nokkrir einstaklingar sem bera hitann og þungann af starfinu og virkja svo aðrar konur með í einstökum verkefnum og hefur það yfirleitt gengið mjög vel. Auðvitað koma alltaf einhverjar nýjar konur inn sem eru virkar í starfinu og aðrar sem fara.

Til að fjármagna starfið greiða konur æfingagjöld og einnig höfum við verið með þjónustusamning við Reykjanesbæ sem felur í sér að kórinn fær ákveðinn styrk á ári gegn því að halda tónleika í bæjarfélaginu og taka þátt í uppákomum á vegum bæjarins. Undanfarin ár hefur einnig gengið ágætlega að fá styrki frá fyrirtækjum, en það hefur breyst með versnandi efnahagsástandi. Við höfum verið með fasta fjáröflunarliði, t.d. laufabrauðsbakstur fyrir jólin, en þá koma fjölskyldurnar með okkur einn laugardag seinni hluta nóvember og skera út og steikja laufabrauð sem síðan eru seld. Það er kominn góður kúnnahópur sem

kaupir alltaf af okkur og oftast er búið að selja stóran hluta fyrirfram. Þetta er fyrir margar okkar og fjölskyldurnar upphafið að jólnum og er orðinn ómissandi hluti af jólaundirbúningnum.

Einnig höfum við oft verið með sölutjald á Ljósanótt þar sem við höfum verið með flóamarkað og selt vöfflur og heitt kakó. Þá er reynt að dreifa vinnunni þannig að konur þurfi ekki að vera meira en tvo tíma. Eiginmennirnir hafa líka margir verið duglegir að hjálpa til. Í ár urðum við að sleppa þessari fjáröflun þar sem svo mikið var að gera í söngnum hjá okkur.

Við höfum líka verið með styrktarfélag sem fá miða á vortónleika gegn greiðslu árgjalds og svo höfum við stundum selt styrktarlínur í tónleikaskrár.

Ýmsar aðrar fjáröflunarleiðir hafa verið farnar, t.d. höfum við selt mjög falleg afmælisdagatöl með englamyndum eftir listakonuna Hildi Harðar sem er hérna með mér og nú fyrir jólin ætlum við að selja jóla-/minningar-/tækifæriskort með sömu myndum auk dagatalanna, en Hildur hefur verið svo rausnarleg að leyfa okkur að nota þessar myndir án endurgjalds.

Við höfum reynt að finna fjáröflunarleiðir sem ekki eru mjög íþyngjandi fyrir konurnar og ef við seljum eitthvað þá reynum við að hafa það eitthvað sem þarf ekki að hafa mikið fyrir að selja.

Þessar fjáraflanir eru aðallega til að fjármagna ferðir sem kórin fer í. Við höfum haft þann háttinn á að konur hafa val um hvort þær taka þátt í fjáröflun eða borga ferðina sjálfar. Þá er skráð hvað hver kona selur eða leggur til í vinnuframlagi og hún fær sinn hlut greiddann inn á ferðina samkvæmt því. Þær sem vilja frekar borga ferðina sjálfar þurfa ekki að taka þátt í fjáröflun. Við höfum nokkrum sinnum farið í ferðir erlendis, síðast tókum við þátt í alþjóðlegri kórakeppni á Ítalíu árið 2007 þar sem okkur gekk mjög vel, einnig fórum við í tónleikaferð árið 2004 til Ungverjalands þar sem við héldum tónleika í tveimur borgum ásamt þarlandum kórum, og árið 2000 var okkur boðið sem gestakór á kórakeppni sem haldin er árlega í Cork á Írlandi. Einnig höfum við farið í söngferðalög innanlands og tekið þátt í landsmótum kvennakóra. Í sumar þessara ferða hafa makarnir, eða kórbullurnar eins og við köllum þá, komið með okkur, helst þá í ferðir til útlanda. Svo ég útskýri nú þetta með kórbullurnar, þá varð þetta til í ferðinni til Cork, en þá vorum við að syngja út um allar trissur og þeir voru óþreytandi að fylgja okkur út um allt og styðja okkur og hvetja.

Einhver minntist á að þeir væru eins og fótboltabullurnar, fylgdu sínu liði hvert sem væri, það væri kannski réttast að kalla þá kórbullur. Síðan hafa þeir setið uppi með þetta og eru alltaf kallaðir kórbullur í þessum hópi. En þessi ferðalög hafa þjappað hópnum vel saman, það er náttúrulega alltaf gaman þegar við konurnar gerum eitthvað saman, en hitt hefur líka verið frábært að hafa makana með, það myndast líka góð tengsl á milli þeirra. Þeir hafa líka yfirleitt verið með okkur á árshátíðum og lokahófum og alltaf verið mjög góð stemmning.

Þetta hefur líka í för með sér jákvæðara viðhorf og meiri skilning á starfi kórsins heima fyrir. Það er líka mikilvægt að leyfa börnum kórkvenna að vera með, þau

hafa tekið þátt í laufabrauðsbakstrinum og stundum höfum við verið með fjölskyldudaga þar sem kórkonur hafa tekið fjölskyldurnar með og gert eitthvað skemmtilegt saman. Þá er kannski ekki eins slæmt að mamma sé svona oft á kóræfingum og fleiru tengdu kórnum. Líklega er auðveldara að taka maka og fjölskyldur með í svona litlum hópi, sérstaklega í ferðir til útlanda, það er orðinn ansi stór hópur ef kórinn telur kannski 50 – 100 manns og þar við bætast makar.

En til að skipuleggja þetta starf er nauðsynlegt að hafa starfandi nefndir í kórnum, þær hafa verið mismargar og gengt ýmsum hlutverkum eftir því hvað hefur verið í gangi hjá kórnum á hverjum tíma. Þær nefndir sem mest hafa starfað eru fjáröflunarnefnd, skemmtinefnd og ferðanefnd. Einnig hafa starfað nótnanefnd, lagavalsnefnd og ýmsar aðrar nefndir sem hafa skotið upp kollinum í gegnum tíðina en ekki orðið lífseigar, t.d. hin virðulega siðgæðisnefnd sem hafði m.a. það hlutverk að fylgjast með að kórinn liti sómasamlega út á tónleikum, þ.e. að búningar væru í lagi og þ.h. Einhver önnur hlutverk hafði þessi nefnd sem ég man ekki lengur hver voru, en ég held að nefndin, sem varð ekki mjög lífseig, hafi aðeins talið eina konu. Fjáröflunarnefnd heldur auðvitað utan um fjáraflanir sem eru oftast meiri þegar kemur að ferðalögum, en það er nú alltaf eitthvað í gangi í þeim málum, t.d. þessar föstu fjáraflanir. Skemmtinefnd sér um uppákomur eins og árshátíð, lokahóf o.fl. og ferðanefnd skipuleggur ferðalög. Stjórn kórsins kemur einnig að öllum þessum málum og er yfirleitt hjálpast að með það sem gera þarf. En það væri ansi mikið starf hjá stjórn kórsins ef hún ætti að sjá um öll þessi mál án aðstoðar nefndanna.

Félagsstarfið og nefndirnar spila því ansi stórt hlutverk í okkar kór og eru mjög mikilvæg fyrir kórstarfið, því að þótt söngurinn sé náttúrulega aðalatriðið skiptir félagsskapurinn líka miklu og hefur mikil áhrif á það hjá mörgum konum að vera í kór.“